

Mánudaginn 18. maí 1992.

Nr. 25/1992. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

Jóhanni Jónasi Ingólfssyni

(Örn Clausen hrl.)

og Magnúsi Hreggviðssyni

(Ólafur Gústafsson hrl.).

Fjárdráttur. Skyldusparnaður. Sönnun. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds með stefnu 13. desember 1991 og gerir þær dómkröfur, að ákærðu verði sakfelldir samkvæmt ákæru og dæmdir til refsingar.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var því hreyft af hálfu ákærvalds, að rétt kynni að hafa verið að einskorða ákæru ekki við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, heldur ákæra jafnframt fyrir brot á 115. og 116. gr., sbr. 125. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. reglugerð nr. 92/1985. Þess var þó eigi krafist, að dæmt yrði eftir þessum lagaákvæðum. Þau komu ekki til álita við málflutning fyrir sakadómi, sem fram fór án þátttöku ákærvalds, þeirra var ekki getið í áfrýjunarstefnu, og á þau er ekki minnst í formlegri kröfugerð ákærvalds fyrir Hæstarétti frá 26. apríl sl. Eins og atvikum er háttað, þykir ekki nægilega fullnægt réttarfarsskilyrði 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, til þess að dæmt verði eftir nefndum sérlögum um háttsemi þá, sem ákært er fyrir.

Í héraðsdómi hefur orðið misritun, þar sem eftirfarandi er haft eftir ákærða Jóhanni Jónasi: „Hann kvaðst ekki telja, að meðákærði hafi ekki getað vitað, að skyldusparnaðinum hafi verið haldið eftir og ekki skilað.“ Orðinu „ekki“ er ofaukið í setningunni: „að meðákærði hafi ekki getað vitað“.

Ákærði Magnús Hreggviðsson. Launagreiðslur þær, sem um

ræðir í málinu og ákært er út af vegna vanskila á skyldusparnaði, voru fyrir tímabilið frá apríl til og með september 1988. Meðákærði var formaður stjórnar Íslensk-portúgalska hf. og framkvæmdastjóri félagsins fram undir lok ágúst sama ár, er samkomulag varð um það vegna fjárhagserfiðleika félagsins, að ákærði Magnús yfirtæki öll hlutabréf hans í félaginu. Fram til þessa tíma kveðst ákærði Magnús engin afskipti hafa haft af rekstri félagsins önnur en þau, að meðákærði hafi leitað til sín, er ábyrgjast þurfti lán fyrir félagið. Er þetta í samræmi við framburð meðákærða, sem kveðst telja, að ákærði Magnús hafi ekki getað vitað, að eigi voru gerð skil á skyldusparnaði.

Við gerð þessa samkomulags tók ákærði Magnús við formennsku í stjórn félagsins, og jafnframt var ráðinn að félaginu nýr framkvæmdastjóri fjármála, Jónína Kristjánsdóttir. Var það meginhlutverk hennar að svo stöddu að gera úttekt á fjárhagsstöðu félagsins, og kom ekki til þess, svo að máli skipti, að launagreiðslur færu fram undir hennar stjórn. Að sögn ákærða Magnúsar leiddi þessi úttekt í ljós, að gjaldþrot yrði ekki umflúið, og gerði hann þá þegar ráðstafanir til þess, að beðið yrði um gjaldþrotaskipti á búi félagsins, auk þess sem hann rifti umræddu samkomulagi.

Með skírskotun til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu ákærða Magnúsar af kröfum ákæruvalds í málinu.

Ákærði Jóhann Jónas Ingólfsson. Eins og í héraðsdómi greinir, var bú Íslensk-portúgalska hf. tekið til gjaldþrotaskipta 4. október 1988. Samkvæmt kröfuskrá, sem er meðal gagna málsins, nam fjárhæð launakrafna, sem lýst var í þrotabúið og samþykktar voru af skiptaráðanda, 2.548.017 krónum. Meðal þessara krafna voru launakröfur Elínar Þ. Eiríksdóttur og Sigríðar L. Jónsdóttur, sem báðar koma við sögu í málinu vegna umrædds skyldusparnaðar, en þær námu alls 279.438 krónum. Af kröfuskránni og öðrum gögnum málsins má ráða, að mjög hafi verið farið að þrengja að fjárhag félagsins, er vanskil urðu á greiðslu skyldusparnaðar af launum á áðurnefndu tímabili. Þegar litið er til þessa og virtur er framburður ákærða Jóhanns Jónasar og vitnisins Þórunnar Selmu Þórðardóttur, sem rakinn er í héraðsdómi, verður að telja ólíklegt, að skyldusparnaðarfé það, sem um ræðir í málinu, hafi verið fyrir

hendi í sjóði félagsins, þegar greidd voru launin, sem það átti að dragast af. Öruggr vísbending um annað verður ekki talin felast í því einu, að skyldusparnaður var reiknaður út og færður á launaseðla. Verður að telja ósannað, að ákærði Jóhann Jónas hafi gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga, og ber að fallast á það með héraðsdómara, að hann eigi að vera sýkn af kröfum ákærvalds í málinu.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms og fella allan áfrýjunarkostnað málsins á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun hæstaréttarlögmannanna Arnar Clausen, skipaðs verjanda ákærða Jóhanns Jónasar Ingólfssonar, og Ólafs Gústafssonar, skipaðs verjanda ákærða Magnúsar Hreggviðssonar, 35.000 krónur til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. nóvember 1991.

Ár 1991, föstudaginn 22. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 620-621/1991: Ákærvaldið gegn Jóhanni Jónasi Ingólfssyni og Magnúsi Hreggviðssyni.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 7. ágúst 1990, á hendur ákærðu, Jóhanni Jónasi Ingólfssyni, Miðtúni 82, Reykjavík, fæddum 15. febrúar 1957, fæðingarnúmer 565, og Magnúsi Hreggviðssyni, Þingaseli 10, Reykjavík, fæddum 29. maí 1949, fæðingarnúmer 426, „fyrir fjárdrátt með því að hafa á tímabilinu apríl til september 1988 sem forráðamenn hlutafélagsins Íslensk-portúgalska, Vatnagörðum 14, Reykjavík, ákærði Jóhann Jónas sem stjórnarformaður og framkvæmdastjóri og ákærði Magnús sem stjórnarmaður, haldið eftir af launum eftirgreindra starfsmanna félagsins skyldusparnaðarfé, samtals 125.285 kr., en eigi staðið skil á þessu fé til veðdeildar Landsbanka Íslands sem innheimtustofnunar skyldusparnaðarfjár fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins, Laugavegi 77, Reykjavík, heldur dregið félaginu, sem þá var í fjárhagserfiðleikum, þetta fé.

<i>Starfsmaður</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Fjárhæð</i>
Elín Þ. Eiríksdóttir, kt. 151267-5059	apríl-september 1988	65.671
Sigríður L. Jónsdóttir, kt. 270268-5289	júní-september 1988	40.460
Jóhanna O. Halldórsdóttir, kt. 250767-5959	maí-júlí 1988	19.154
	Samtals	<u>kr. 125.285</u>

Telst þetta varða við 1.mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar”.

Ákærðu neita báðir sökum í málinu. Þeir halda uppi vörnum, og hafa verjendur þeirra krafist sýknu og að sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun þeirra. Til vara hefur verjandi ákærða Jóhanns Jónasar krafist vægustu refsingar. Þá er þess krafist, að bótakröf-unni verði vísað frá dómi.

Málavextir eru þeir, að með þremur bréfum, dagsettum 14. og 19. október 1988 og 29. maí 1989, kærði Húsnæðisstofnun ríkisins vanskil skyldusparnaðarfjár af hálfu hlutafélagsins Íslensk-portúgalska. Varðaði kæran skyldusparnað, er dreginn hafði verið af launum þeirra þriggja starfsmanna félagsins, er nefndir eru í ákæru.

Samkvæmt vottorði Hlutafélagaskrár voru í stjórn félagsins ákærðu Jóhann Jónas, sem var formaður, Magnús Hreggviðsson og Ingibjörg Ottósdóttir. Jóhann Jónas var jafnframt framkvæmdastjóri félagsins. Fyrir dómi kom fram, að í ágúst 1988 hefði Jóhann Jónas látið af þessum störfum, en Magnús orðið stjórnarformaður, og ráðinn hefði verið nýr framkvæmdastjóri. Félagið var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar 4. október 1988.

Framburður ákærðu um ákæruefnið verður nú rakinn svo og framburður tveggja vitna, er komu fyrir dóm.

Ákærði Jóhann Jónas kvað það rétt, að stúlkur þær, sem nefndar eru í ákæru, hefðu unnið hjá félaginu á þeim tíma, sem þar er nefndur. Þá kvaðst hann ekki rengja, að haldið hefði verið eftir af launum þeirra skyldusparnaði, og ekki kvaðst hann gera athugasemdir við fjárhæðir í ákæru. Ákærði kvað, að á þessum tíma hefði Selma Þórðardóttir verið skrifstofustjóri félagsins. Hún hefði verið sjálfstæð í starfi og m.a. ráðið greiðslum. Þegar erfiðleikar hefðu steðjað að eins og á þeim tíma, sem ákæran tekur til, hefði hann sjálfur haft úrslitavald um það, hvað yrði

greitt og hvað ekki. Hann kvað greiðslu skyldusparnaðar þó aldrei hafa komið upp á sitt borð, og hefði hann ekki haft hugmynd um, að þessar fjárhæðir væru ógreiddar. Hann neitaði að hafa gefið fyrirmæli um, að þessum fjárhæðum skyldi haldið eftir í rekstri félagsins, og þar af leiðandi ekki vera sekur um fjárdrátt. Hann kvað það hafa verið skýr fyrirmæli frá sér, að laun og launatengd gjöld, þ.m.t. skyldusparnaður, hefðu átt að ganga fyrir öðrum greiðslum. Hann kvaðst ekki geta svarað þeirri spurningu, hvort peningar hefðu verið til hjá félaginu til að greiða skyldusparnað stúlkanna, sem nefndar eru í ákæru og dreginn hefði verið af launum þeirra.

Hann kvað meðákærða hafa komið inn í rekstur félagsins 1986 og þá verið kosinn í stjórn þess. Þeir hefðu haft mikil samráð sín á milli um stefnumörkun félagsins, en ekki um, hvað ætti að greiða og hvað ekki. Hann kvaðst ekki telja, að meðákærði hefði ekki (sic) getað vitað, að skyldusparnaðinum hefði verið haldið eftir og ekki skilað.

Ákærði Magnús Hreggviðsson bar fyrir dómi, að síðari hluta árs 1986 hefði Frjálst framtak hf., en hann er stjórnarformaður þess, gerst minnihlutaeigandi í Íslensk-portúgalska hf. Allt til ágústloka 1988 hefði meðákærði verið stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Íslensk-portúgalska hf., og þá hefði ákærði orðið stjórnarformaður, og ráðinn hefði verið sérstakur framkvæmdastjóri. Ætlunin hefði verið, að Frjálst framtak hf. tæki að sér rekstur Íslensk-portúgalska, og þar af leiðandi eðlilegt að skipta um stjórn. Síðar hefði komið í ljós, að fjárhagur þess var þannig, að gjaldprot yrði ekki umflúið. Eftir það hefði samkomulaginu um yfirtökuna verið rift. Ákærði kvaðst engin afskipti hafa haft af rekstri félagsins, þar til hann varð stjórnarformaður, önnur en þau, að meðákærði leitaði til hans til að ábyrgjast lán. Þá hefði hann fengið í hendur ársreikninga árána 1986 og 1987 og tekið þátt í gerð áætlunar fyrir árið 1987. Hann kvaðst aldrei hafa setið stjórnarfundum í félaginu.

Ákærði kvaðst ekki kannast við stúlkur þær, sem nefndar eru í ákæru, og kvaðst ekki hafa haft þau afskipti af rekstrinum, að hann gæti um það borið, hvort þær hefðu unnið þar eða ekki. Hann kvaðst þó ekki rengja, að svo hefði verið. Hann vísaði á verjanda sinn um að gera athugasemdir við fjárhæðir í ákæru, en við munnlegan flutning málsins komu engar slíkar athugasemdir fram, enda krafðist verjandinn algerrar sýknu.

Jónína Kristjánsdóttir kvaðst hafa unnið hjá Íslensk-portúgalska í septembermánuði 1988. Á þessum tíma hefði staða félagsins verið mjög slæm, og hefði hún fengið fyrirmæli um, að laun ættu að ganga fyrir öðrum greiðslum, ef einhverjir peningar kæmu inn. Þessi fyrirmæli komu frá Halldóru Viktorsdóttur, er var yfirmaður hennar, og taldi hún hana hafa fengið þau frá ákærða Magnúsi. Jónína kvaðst hafa reiknað út laun

á þeim tíma, er hún vann hjá félaginu, og að hafa dregið launatengd gjöld af þeim á launaseðlunum. Þessum greiðslum hefði þó ekki verið skilað til rétttra aðila, þar eð þær voru ekki komnar á gjalddaga, er félagið varð gjaldþrota 4. október 1988. Hún kvað nánast engin laun hafa verið greidd fyrir september. Jónína kvað ákærða Jóhann Jónas hafa verið framkvæmdastjóra sölu- og markaðsmála í september, en hún sjálf var framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Hann hefði ekki haft framkvæmdavald á sviði fjármála, en þó skipt sér af þeim á þessum tíma. Hún kvað ákærðu ekkert hafa skipt sér af skyldusparnaðinum á þessum tíma, og ákærði Magnús hefði engin fyrirmæli gefið sér um fjármálastjórn félagsins.

Þórunn Selma Þórðardóttir var skrifstofustjóri Íslensk-portúgalska á þeim tíma, sem um ræðir í ákæru. Hún kvaðst m.a. hafa reiknað út laun. Til mánaðamóta ágúst-september hefði ákærði Jóhann Jónas verið yfirmaður sinn, en eftir það Jónína Kristjánsdóttir. Á meðan ákærði var yfirmaður sinn, hefði hann gefið sér fyrirmæli um, hvað ætti að greiða og hvað ekki. Hann hefði m.a. ákveðið, að laun ættu að ganga fyrir. Þórunn Selma kvaðst hafa reynt að fá ákærða Jóhann Jónas til að greiða skyldusparnaðinn, en peningar ekki verið til. Raunverulega hefðu engir reikningar verið greiddir á tímabilinu apríl-september 1988. Hún kvaðst engin fyrirmæli hafa fengið frá ákærða Magnúsi um rekstur félagsins. Þá kvaðst hún ekki muna, hvort Jónína Kristjánsdóttir hefði gefið sér fyrirmæli um skyldusparnaðinn, eftir að hún hefði tekið við fjármálastjórninni af ákærða Jóhanni Jónasi.

Niðurstaða.

Þegar virtur er framburður ákærðu og vitna í málinu, sem að framan var rakinn, verður að telja ósannað, að ákærði Magnús hafi haft þau afskipti af rekstri Íslensk-portúgalska hf. á þeim tíma, sem hér er til umfjöllunar, að hann hafi látið halda eftir skyldusparnaðarfé því, sem málið snýst um, eða átt þátt í því, og ekki skilað fénu til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Ber samkvæmt þessu að sýkna hann af refsikröfu ákæruvaldsins.

Um ákærða Jóhann Jónas er það að segja, að hann var að sönnu framkvæmdastjóri og stjórnarformaður félagsins, eins og rakið var, en gegn neitun hans er ekki komin lögfull sönnun fyrir því, að hann hafi gefið um það fyrirmæli að greiða ekki Húsnæðisstofnun ríkisins skyldusparnaðarféð, er haldið hafði verið eftir af launum starfsmanna þeirra, sem hér um ræðir. Þá er einnig á það að líta, að ósannað er, að fé það, sem hér um ræðir, hafi verið til hjá félaginu og þar af leiðandi getað orðið andlag fjádráttarbrots. Ber því einnig að sýkna hann af refsikröfu ákæruvaldsins.

Húsnæðisstofnun ríkisins hefur krafist þess, að ákærðu verði dæmdir til að greiða fjárhæðir þær, sem nefndar eru í ákæru, auk dráttarvaxta.

Með því að ákærðu hafa verið sýknaðir af refsikröfu í málinu, verður skaðabótakröfunni vísað frá dómi.

Samkvæmt framansögðu verður allur sakarkostnaður lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu, Arnar Clausen hrl., verjenda ákærða Jóhanns Jónasar, og Ólafs Gústafssonar hrl., verjenda ákærða Magnúsar, 50.000 kr. til hvors.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Jóhann Jónas Ingólfsson og Magnús Hreggviðsson, eru sýknaðir af refsikröfu ákæruvaldsins.

Skaðabótakröfu Húsnæðisstofnunar er vísað frá dómi.

Sakarkostnaður skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu, Arnar Clausen hrl. og Ólafs Gústafssonar hrl., 50.000 kr. til hvors.
